

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í Grunnskólanum á Bíldudal, miðvikudaginn 4. júní 2014 kl 14.15.

Mætt voru: Albertína F. Elíasdóttir, formaður, Baldur Smári Einarsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Sigurður Pétursson og Sveinn Ragnarsson. Ómar Már Jónsson boðaði forföll og sat Baldur fundinn í hans stað.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 23. apríl 2014
Fundargerð stjórnarfundar 23. apríl 2014. Fundargerðin var send út í tölvupósti og er nú lögð fram til staðfestingar. Fundargerð samþykkt.
2. Ársreikningur 2013
Lagður fram að nýju ársreikningur FV fyrir árið 2013 með ítarlegri skýringum samkvæmt samþykkt stjórnarfundar 11. apríl s.l. og breyttri tillögu að skýrslu stjórnar. Rætt um einstaka liði ársreikningsins og framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnum. Formaður bar upp tillögu um samþykkt ársreiknings. Tillagan samþykkt samhljóða.

Stjórn FV mælist síðan til þess að uppsetning ársreiknings fyrir árið 2014 taki mið af ársreikningum sveitarfélaga með vísan til aukinna verkefna FV og umfangi einstakra deilda innan þess fyrir samstarfsverkefni sveitarfélaga á Vestfjörðum.

3. Menningarsamningur 2014
 - a. Menningarsamningur FV og mennta- og menningarmálaráðuneytis
Lagður fram menningarsamningur FV og mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir árið 2014, heildarfjárhæð samningsins er kr 33.050.000,- sem er fjármagnað með hlut mennta- og menningarmálaráðuneytis kr 26.550.000,- og hlut atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis kr 6.500.000,-.

Formaður kynnti að samningurinn hafi verið sendur í tölvupósti til stjórnar og stjórn hafi samþykkt að fela formanni að staðfesta samninginn 21. maí s.l.. Formaður bar upp tillögu um að stjórn FV staðfestir samninginn formlega. Tillagan samþykkt.

Sigurður Pétursson vék af fundi.

- b. Auglýsing og úthlutunarreglur
Lögð fram tillaga menningarráðs að auglýsingu og úthlutunarreglum fyrir árið 2014. Tillagan hafði verið kynnt í tölvupósti og staðfest heimild stjórnar barst 22. maí s.l. en Sigurður Pétursson sat hjá við afgreiðslu málsins vegna hugsanlegs vanhæfis. Formaður bar upp tillögu um staðfestingu. Stjórn FV staðfestir auglýsingu og úthlutunarreglur.

Sigurður Pétursson kom að nýju á fund.

4. Samningur um framlög til byggðaðróunar á Vestfjörðum árið 2014 og framkvæmd.

a. Samningur um framlög til byggðaðróunar á Vestfjörðum árið 2014.

Lagður fram samningur FV, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis um framlög til byggðaðróunar fyrir árið 2014. Heildarfjárhæð samningsins er kr 37.998.000,-, þar af kr 12.348.000,- til sóknaráætlunarverkefna og kr 25.650.000,- til vaxtarsamningsverkefna.

Formaður kynnti að samningurinn hafi verið sendur í tölvupósti og stjórn samþykkt að fela formanni að staðfesta samninginn þann 12. maí s.l.. Formaður bar upp tillögu um að stjórn FV staðfestir samninginn formlega. Tillagan samþykkt.

b. Sóknaráætlun landshluta 2014

i. Minnispunktar fundar framkvæmdaráðs 27. maí 2014

Kynntir minnispunktar frá fundi framkvæmdaráðs Sóknaráætlunar landshluta, sem haldinn var á Ísafirði og í fjarfundi þann 27. maí s.l.. Á fundinum var tekið til umfjöllunar úthlutun fjármagns til sóknaráætlunarverkefna og samþykkt drög að tillögu sem starfsmönnum FV og Atvest var falið að útfæra. Útfærð tillaga var send út í tölvupósti og staðfest að hálfu framkvæmdaráðs.

ii. Tillaga að verkefni sóknaráætlunar landshluta 2014

Kynnt tillaga framkvæmdaráðs sóknaráætlunar landshluta um úthlutun til sóknaráætlunarverkefna á árinu 2014. Gerð er tillaga að einu verkefni er varðar markaðssetningu Vestfjarða; sem búsetukosts, fyrir staðsetningu fyrirtækja og sem fjárfestingarkosts, samtals kr 12.348.000,-. Stjórn verkefnisins verði hjá FV - markaðsstofu og í samstarfi við Atvest.

Formaður gerði tillögu um að verkefnið verði samþykkt og umsókn send Stýrinefnd byggðamála. Tillagan samþykkt.

c. Vaxtarsamningur Vestfjarða 2014

i. Drög að framkvæmd samnings við Atvest

Með vísan til samnings um framlög til byggðaðróunar á Vestfjörðum kynnti framkvæmdastjóri drög að samningi um framkvæmd vaxtarsamnings. Rætt um efnisatriði samningsins og framkvæmdastjóri falið að leita álits lögfræðings Sambands íslenskra sveitafélaga og leggja fyrir stjórn að nýju.

5. 59. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Framkvæmdastjóri fór yfir skipulag þingsins, tillaga að endanlegri staðsetningu verður kynnt á næstu dögum.

Formaður vakti athygli á niðurstöðu skoðanakönnunar í Reykhólahreppi og Dalabyggð um viðhorf til sameiningar sveitarfélaga. Jákvæðni er fyrir sameiningu þessara sveitarfélaga við Strandabyggð. Formaður gerir að tillögu að bjóða fulltrúum sveitarstjórnar Dalabyggðar sem gesti 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga. Tillagan samþykkt.

6. Almenningsamgöngur

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um almenningssamgöngur og heilsársakstur á Vestfjörðum, með tengingu norðanverðra Vestfjarða um Hólmavík og sunnanverðra Vestfjarða með tengingu um Brjánslæk. Rætt um efni minnisblaðs og framkvæmdastjóra falið að gera verðkönnun á grundvelli tillagna í minnisblaði.

7. Önnur mál

a. Aðalfundur Atvest

Kynnt að stefnt sé að aðalfundi Atvest undir lok júní en formlegt aðalfundarboð hefur ekki borist. Rætt um skipan stjórnarmanna og samþykkt að leita eftir tilnefningum.

b. Aðsend erindi frá 23. apríl til 3. júní

Lagt fram til kynningar.

- 07/05/2014 Háskólasetur Vestfjarða Fundarboð – Aðalfundur fulltrúaráðs laugardaginn 17.maí 2014
- 20/05/2014 Mennta-og menningarmálaráðuneytið Menningarsamningur til undirritunar dags.maí 2014

c. Erindi FV frá 23. apríl til 3. júní.

Lagt fram til kynningar.

- 23/04/2014 Póst og fjarskiptastofnun Umsögn og athugasemdir Fjórðungssambands Vestfirðinga í tengslum við umræðuskjal um alþjónustuskyldur varðandi aðgang að almenna fjarskipta-netinu
- 25/04/2014 Atvinnuveganefnd Alþingis Minnisblað: sendandi SÍS og FV Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi,319. mál
- 05/05/2014 Alþingi Umhverfis- og samgöngunefnd Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013-2016.(495.mál, 143.löggjafarþing).
- 15/05/2014 FV staðfestir aðild að umsókn Ísafjarðarbæjar vegna Þingeyrar og Flateyrar í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir.
- 15/05/2014 FV staðfestir aðild að umsókn Árneshrepps, í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir.
- 15/05/2014 FV staðfestir aðild að umsókn Strandabyggðar, í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.45.

Aðalsteinn Óskarsson.